



Fundargerð

Fundur í stjórn dvalarheimilisins Barmahlíðar.
Fimmtudaginn 11. maí 2017, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur í stjórnsýsluhúsinu Maríutröð 5a.

Mætt: Áslaug Berta Guttormsdóttir formaður, Sandra Rún Björnsdóttir og Ágúst Már Gröndal í
foröllum Karls Kristjánssonar

Einnig sátu fundinn Helga Garðarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri
sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Málefni Barmahlíðar.

Hjúkrunarforstjóri fór yfir stöðuna frá síðasta fundi.

*Nokkrar breytingar hafa orðið í starfsmannamálum, auglýsa þarf frekar eftir starfsfólki fyrir
haustið. Öll rými á heimilinu eru full. Stjórnin ræddi almennt um húsnæðismál í sveitarfélaginu.
Hjúkrunarforstjóri lagði fram tillögu um að Barmahlíð kaupi íbúð Öryrkjabandalagsins á
Barmahlíð. Stjórnin vísar tillögunni til sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.*

2. Viðhald húsnæðis á Barmahlíð.

Erindi frá Málfríði Vilbergsdóttur og Svanhildi Sigurðardóttur dagsett 1. maí 2017.

*Hjúkrunarforstjóri fór yfir erindið með stjórninni. Bréfritarar eru mjög reyndir og góðir
starfsmenn heimilisins og hafa unnið á heimilinu um langa tíð og bera hagsmuni heimilisins
fyrir brjósti.*

*Stjórnin mælir með því að áhaldahús/umsjónarmaður breyti skipulagi sínu, eða verklagi og
sinni heimilinu vikulega, fastan dag í samráði við hjúkrunarforstjóra, þannig væri hægt að
stuðla að betra vinnuumhverfi á heimilinu og létta á starfsfólki heimilisins.*

*Hjúkrunarforstjóri ræddi um að starfsandi hafi verið þyngri í vor, þar gæti verið um ýmsa hluti
að ræða, þ.m.t. viðhald og vöntun á starfsfólki. Rætt var um þyngd heimilisins, eldhússtörf og
fl.*

Önnur mál (ef einhver):

Engin önnur mál.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:30
